

086/01 - Sólberg SI 12

Sólberg SI 12, skipverji slasast við að kasta veiðarfæri

Sólberg SI 12

Skipaskr.nr.: 1397

Smíðaður: St. Malo Frakklandi 1974 Stál

Stærð: 500,00 brl; 687,00 bt

Lengd: 50,73 m **Breidd:** 10,30 m **Dýpt:** 7,15 m

Vél: Deutz 1.620,00 kW **Árgerð:** 2000

Annað:

Földi skipverja: 12



Atvikalýsing

Hinn 23. ágúst 2001 var Sólberg SI 12 á togveiðum norður af landinu. Veður: SA 5-8 m/sek.

Kl. 19:45 þegar verið var að láta trollið fara festist höfuðlínun í renninni bakborðsmeginn. Til að losa hana var gilsinn settur í höfuðlínuna og híft í hana. Þegar það strekkist á henni slæst hún til og í einn skipverjann og kastar honum um koll. Skipverjinn lendir með hægri síðuna á "garðann", sem er skilrúm á milli tveggja skeifa skipsins, og marðist eða reifbeinsbrotnaði. Í samráði við lækni var honum gefinn verkjalyf og ferðin kláruð. Sólberg kom til hafnar á Siglufirði um kvöldið 26. ágúst.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.